



65. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn miðvikudaginn 4. september 2024 á Teams og hófst fundurinn kl. 13:00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Guðjón M. Ólafsson, Hilda Jana Gísladóttir, Axel Grettisson, Hermann Ingi Gunnarsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Katrín Sif Ingvarsdóttir og Sigurður Þór Guðmundsson mættu til fundar kl. 15:30. Þorsteinn Ægir Egilsson boðaði forföll.

1. Haustþing SSNE

Lögð fram drög að dagskrá haustþings SSNE sem haldið verður 4. október næstkomandi.

Stjórn samþykkir framlögð drög og felur framkvæmdastjóra að boða þingið í samræmi við samþykktir SSNE. Stjórn samþykkir jafnframt að þingið verði haldið í Hofi á Akureyri en ekki í fjárfundi, en stór hluti þingsins verður helgaður vinnu við nýja Sónaráætlun Norðurlands eystra.

2. Fundaáætlun stjórnar 2024-2025

Lögð fram drög að fundaáætlun stjórnar SSNE fram til júní 2025.

Stjórn samþykkir framlagða fundaáætlun og samþykkir jafnframt að rafrænt aukapening verði haldið í desember í tengslum við samþykkt nýrrar Sónaráætlunar. Einnig samþykkt að ársþing SSNE 2025 verði haldið 3.-4. apríl 2025.

3. Sónaráætlun Norðurlands eystra

Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri SSNE mætti til fundarins og kynnti stöðu vinnunnar. Einnig lögð fram drög að stöðugreiningu landshlutans frá Byggðastofnun.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna.

4. Tilnefning í Sveitarstjórnarvettvang EES/EFTA

Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er eftir því að SSNE tilnefni fulltrúa í Sveitarstjórnarvettvang EES/EFTA til loka kjörtímabilsins 2022-2026.

Stjórn samþykkir að skipa Láru Halldóru Eiríksdóttur, formann stjórnar sem fulltrúa SSNE í Sveitarstjórnarvettvang EES/EFTA.

5. Innleiðing farsældar á Norðurlandi eystra

Lögð fram drög að viðauka við Sóknaráætlun Norðurlands eystra frá barna- og menntamálaráðuneytinu.

Stjórn SSNE samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur framkvæmdastjóra að undirrita samninginn fyrir hönd samtakanna.

6. Uppbyggingarsjóður – matsblöð fyrir úthlutun 2025

Lögð fram tillaga að matsblöðum fyrir komandi úthlutun.

Stjórn samþykkir framlögð matsblöð.

7. Aðalfundur Líforku ehf.

Lagt fram boð á aðalfund Líforku ehf. sem mun fara fram á Akureyri 10. september næstkomandi.

Stjórn samþykkir að skipa Jónu Björgu Hlöðversdóttur í stjórn Líforku ehf. fyrir hönd samtakanna.

8. Bókun vegna Fljótaganga

Rætt um þá stöðu sem upp er komin í samgöngumálum á Tröllaskaga. Stjórn samþykkir eftirfarandi bókun:

Stjórn SSNE skorar á stjórnvöld að bregðast umsvifalaust við þeirri stöðu sem komin er upp á Tröllaskaga vegna nýafstaðinna atburða í kjölfar mikillar úrkomu. Brýn þörf er á að flýta undirbúningi Fljótaganga og tryggja þannig öryggi vegfarenda fyrir Tröllaskaga.

Uppbygging Fljótaganga er í forgangi í samgöngu- og innviðastefnu SSNE, enda er ljóst að þessi framkvæmd er mikilvægur þáttur í að tryggja öruggar og skilvirkar samgöngur á Norðurlandi eystra. Auk þess að vera mikilvæg samgönguleið fyrir íbúa á utanverðum Tröllaskaga, myndu Fljótagöng tryggja mikilvæga varaleið þegar Öxnadalshéiði er lokuð. Uppbygging Fljótaganga myndi því einnig auka áreiðanleika samgangna milli landsvæða og tryggja að hægt sé að ferðast óhindrað, jafnvel við erfiðar aðstæður.

Stjórn SSNE leggur því á það áherslu að undirbúningur við Fljótagöng hefjist strax í haust, göngin sett í forgang í samgönguáætlun og tryggt að verkefnið verði fjármagnað og því lokið sem allra fyrst.

9. Mál til umsagnar

a. [Ný og uppfærð aðgerðaráætlun í loftslagsmálum](#)

Stjórn samþykkir framlögð drög að umsögn og felur framkvæmdastjóra að skila þeim á Samráðsgátt stjórnvalda fyrir hönd samtakanna.

10. Mál til kynningar

a. [Fundargerð stýrihóps stjórnarráðsins um Byggðamál.](#)

b. [Fundargerð 236. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.](#)

c. Erindi frá framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna til forsætisnefndar Alþingis, dags. 30. ágúst 2024 vegna fjarfundabúnaðar nefndasviðs Alþingis.

11. Önnur mál

- a. *Húsnæðismál SSNE á Akureyri.*
Lagður fram samningur um leigu á skrifstofuhúsnæði á Akureyri, Skipagötu 9, 3. hæð til fimm ára.
Stjórn samþykkir framlagðan samning og felur framkvæmdastjóra að ganga frá undirritun hans.

- b. *Staða Bakkafjarðar.*
Að beiðni Þorsteins Ægis Egilssonar var rætt um stöðu Bakkafjarðar vegna úthlutunar sértæks byggðakvóta. Til fundarins mættu einnig Arnar Már Elíasson og Reinhard Reynisson frá Byggðastofnun og fóru yfir málið af hálfu Byggðastofnunar.
Stjórn þakkar þeim Arnari Má og Reinhard fyrir góða yfirferð og fyrir að gefa sér tíma til að mæta til fundarins með skömmum fyrirvara.

- c. *Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.*
Framkvæmdastjóri fór yfir það sem efst hefur verið á baugi í starfsemi samtakanna frá síðasta stjórnarfund.

Fundi slitið kl. 16:01.